

Föstudaginn 3. október 1986.

Nr. 23/1985. **Skipaklettur hf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Jóni M. Guðmundssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög. Laun í veikindaforföllum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1985. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Af hálfu áfrýjanda hefur því verið haldið fram fyrir Hæstarétti að stefndi hafi ekki boðið fram vinnu sína þegar hann var orðinn vinnufær hinn 12. október 1983 svo sem hermt er í hinum áfrýjaða dómi. Ekki varð þó annað ráðið af málflutningnum en að ekki væri með því mótmælt að stefndi hefði þá verið reiðubúinn til að hefja störf hjá áfrýjanda og áfrýjanda verið það kunnugt.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaklettur hf., greiði stefnda, Jóni M. Guðmundssyni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. janúar 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 23. október 1984 af Jóni Magnúsi Guðmundssyni sjómanni, Útgarði 7, Egilsstöðum, nafnnúmer 5135-7752, gegn Skipakletti h/f, Reyðarfirði, nafnnúmer 8164-6988.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 25.528,00 með 36% ársvöxtum frá 15.11. 1983 til 21.11. 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu 23. október 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Þá krefst stefnandi sjóveðréttar í Snæfugli SU 20 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst nú sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Samkomulag er með aðilum að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Stefnandi var háseti á skuttogaranum Snæfugli SU 20 sem stefndi á og hefur gert út. Hásetar tóku sér launalaust frí í fjórðu hverri veiðiferð skipsins. Stefnandi var í launalausum fríi frá veiðiferð, sem hófst í byrjun september 1983. Að ráði læknis á Egilsstöðum fór stefnandi til sérfræðings í Reykjavík hinn 9. september 1983 vegna sjúkdóms í höndum, handaðofa sem hafi ágerst. Þar var honum ráðlagt að ganga undir skurðaðgerð sem Rögnvaldur Þorleifsson, læknir á Borgarspítalanum, framkvæmdi hinn 13. september 1983. Eftir aðgerðina var stefnanda tjáð, að hann yrði óvinnufær næstu þrjár vikur á eftir. Á Egilsstöðum rifnaði skurðsárið upp. Læknir á Egilsstöðum úrskurðaði þá, að stefnandi væri óvinnufær til 12. október 1983. Vegna þessa gat stefnandi ekki farið í veiðiferð, sem hófst 4. október 1983, en hann átti að fara í þá veiðiferð. Veiðiferðin stóð til 3. nóvember 1983, en stefnandi var úrskurðaður vinnufær aftur þann 12. eða 13. október 1983. Veiðiferðin stóð þannig í 32 daga. Óumdeilt er í málinu að hásetahlutur fyrir veiðiferð þessa var kr. 46.343,00 og orlof kr. 4.713,00 eða samtals kr. 51.056,00.

Stefndi taldi sér óskyldt að greiða stefnanda laun nema í 9 daga, það er 4. til og með 12. október 1983, á meðan stefnandi var óvinnufær, eða kr. 14.360,00 sem eru 9/12 (sic) af kr. 51.056,00. Engu að síður greiddi stefndi

stefnanda samtals kr. 25.528,00, þ.e. helming fjárhæðarinnar, enda þótt hann telji að sér hafi aðeins verið skylt að greiða kr. 14.360,00.

Stefnandi telur sig hins vegar eiga rétt á fullum launum fyrir umrædda veiðiferð og krefur stefnda því um mismuninn sem er kr. 25.528,00.

Ágreiningur málsins er fyrst og fremst sá hvernig skýra beri 3. mgr. 18. gr. sjómannlaganna nr. 67/1963, sbr. lög nr. 49/1980 um breytingu á þeim lögum. Í nefndri málsgrein segir m.a. svo:

„Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausum fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju.“

II.

Af hálfu stefnanda er á það bent að stefnandi hafi strax boðið fram vinnu sína þegar hann varð vinnufær. Skipið hafi hins vegar verið í veiðiferð þá svo að stefnandi hafi ekki getað tekið við starfi sínu um borð í skipinu. Stefnandi eigi því rétt á fullum staðgengilslaunum þar sem stefndi verði að bera hallann af því að hann gat ekki tekið við stefnanda í vinnuna vegna fjarveru skipsins. Ráðningarsamningur aðilanna hafi verið í fullu gildi allan tímann einnig eftir 12. október 1983. Stefnandi geri ekki kröfu um laun á meðan hann var í hinu launalausum fríi heldur aðeins frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju, en það hafi einmitt verið 4. október 1983. Rétt skýring á 3. mgr. 18. gr. sjómannlaganna leiði því til þess, að stefnda beri að greiða stefnanda staðgengilslaunin að fullu fyrir nefnda veiðiferð, sbr. dóma Hæstaréttar 1978-722 og 1978-731, en í þeim málum sé fjallað um launakröfur tveggja skipverja á m/s Stálvík. Beri því að taka kröfur stefnanda til greina.

III.

Stefnandi heldur því fram að túlkun Hæstaréttar í dóminum 1978-722 á hugtakinu óvinnufær í 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 sé röng, þar sem svo rúm túlkun brjóti í bága við málvenju. Auk þess liggi það í hlutarins eðli að sama merking hljóti að vera í þessu orði í 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna og í öllum öðrum ákvæðum eða lögum. Verði að telja það í fyllsta máta óeðlilegt að hugtakið óvinnufærni hafi mismunandi merkingu, allt eftir því hvar orð þetta fyrirfinnist, nema þá að það komi skýrt fram að því sé ætlað að hafa rýmri eða þrengri merkingu en almenn málvenja segir til um. Í 18. gr. laganna komi hvergi fram nokkur vísbending

um það að túlka eigi hugtakið óvinnufærni rýmra en í öðrum tilvikum og á þann hátt sem fram komi í ofangreindum dómi Hæstaréttar í Stálvíkurmálinu. Þvert á móti komi skýrt fram í lögskýringargögnum með 18. gr. sjómannalaga að skýra eigi orðið samkvæmt almennri merkingu þess orðs. Hvað fordæmisgildi nefnds dóms Hæstaréttar snertir þá heldur stefndi því fram að nokkur dæmi séu þess að Hæstaréttur hafi hvikað frá fordæmi sínu í einstaka máli. Það sé viðurkennd regla að Hæstaréttur sé ekki bundinn af fyrri úrlausnum sínum og engin réttarregla sé fyrir hendi sem bindi héraðsdómara til að fylgja fordæmi Hæstaréttar.

Stefndi bendir á að íslensku sjómannalögin séu ekki séríslenskt fyrirbrigði. Þau séu samnorræn lög og í raun þýðing á norsku og þó sérstaklega dönsku sjómannalögunum. Í Noregi og Danmörku séu samsvarandi ákvæði við 3. mgr. 18. gr. íslensku sjómannalaganna túlkuð á annan veg en gert er í dómi Hæstaréttar í Stálvíkurmálinu.

Nú liggi fyrir fleiri og fullkomnari lögskýringargöng en voru fyrir hendi í Stálvíkurmálunum þegar þau voru flutt fyrir héraðsdómi og Hæstarétti á sínum tíma.

Samkvæmt framansögðu beri á það að fallast að skipverji eigi aðeins rétt á veikindakaupi frá þeim tíma sem hann er úrskurðaður óvinnufær og þar til hann er úrskurðaður vinnufær að nýju. Eigi stefnandi því aðeins rétt á veikindakaupi fyrir dagana 4. - 12. október 1983 af veiðiferðinni sem stóð frá 4. október til 3. nóvember 1983. Það veikindakaup hafi stefndi fengið (sic) greitt og meira til. Beri því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

IV.

Svo sem fyrr er frá greint fór stefnandi í skurðaðgerð í Reykjavík í september 1983, þegar hann var í launalausú fríi frá störfum sínum sem háseti á m/s Snæfugli SU 20. Á meðan hann var í hinu launalausú fríi átti hann ekki rétt á kaupi vegna veikinda sinna og læknismeðferðar fyrr en 4. október 1983, sbr. 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna en þá skyldi hann hefja störf að nýju. Þegar stefnandi varð svo vinnufær þann 12. eða 13. október 1983 gat hann ekki hafið störf á m/s Snæfugli vegna fjarveru skipsins. Stefnandi bauð fram vinnu sína strax þegar hann varð vinnufær að áliti læknis. Verður stefndi að bera hallann af því að skipið kom ekki úr margnefndri veiðiferð fyrr en 3. nóvember 1983. Að svo vöxnu máli og með vísan til dóma Hæstaréttar 1978-722 og 1978-731 ber stefnda að greiða stefnanda veikindakaup fyrir alla veiðiferðina, sem stóð frá 4. október til 3. nóvember 1983. Með því að ekki er deilt um fjárhæð veikindakaupsins ber að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti ásamt vöxtum svo sem krafist hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 16.000,00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Snæfugli SU 20 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum sbr. 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skipaklettur h/f, greiði stefnanda, Jóni Magnúsi Guðmundssyni, kr. 25.528,00 með 36% ársvöxtum frá 15. nóvember 1983 til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 23. október 1984 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 16.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Snæfugli SU 20 til tryggingar framan- greindum fjárhæðum.

Þriðjudaginn 7. október 1986.

Nr. 197/1985. **Gunnar Guðjónsson sf.**

Magnús Ármann og

Magnús Gunnarsson

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

Einari Hjaltasyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1985. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.